

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

uar@uar.is

10. september 2020

Efni: Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, mál nr. 169/2020.

Samtök atvinnulífsins leggja til að 1. gr. frumvarpsdraganna orðist svo:

1. gr.

1. másl. 2. mgr. 36. gr. orðast svo: Tillagan skal auglýst í **samráðsgátt stjórnvalda um opið samráð við almenning**, Lögbirtingablaðinu, á vefmiðlum og með öðrum hætti eftir því sem við á.

Tillagan skýrir sig sjálf en með samráðsgáttinni var stigið mikið framfaraskref í samskiptum stjórnvalda við almenning og hagsmunaaðila og nauðsynlegt að hún sé nýtt sem mest. Tilviljanakennd upplýsingamiðlun í vefmiðlum kemur ekki í stað samráðsgáttarinnar.

Virðingarfyllt,



Halldór Benjamín Þorbergsson,
framkvæmdastjóri.